

Reglugerð

um réttindi til að stjórna vinnuvélum.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um réttindi til að stjórna vinnuvél, sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, sbr. einnig 1.–5. mgr. 45. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Reglugerðin gildir einnig um útgáfu vinnuvélaskírteina sem er staðfesting á að handhafi þess hafi fullgild réttindi í tilteknum réttindaflokki eða réttindaflokkum vinnuvéla.

Umferðalög nr. 77/2019, gilda um akstur vinnuvéla á vegum, sbr. 43. tölul. 3. gr. umferðarlaga, og um bann við akstri vinnuvéla undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna, sbr. IX. kafla umferðarlaga.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að auknu öryggi við notkun vinnuvéla með því að tryggja fullnægjandi þekkingu og þjálfun stjórnenda vinnuvéla og efla öryggisvitund þeirra. Jafnframt er með reglugerð þessari stefnt að því að auka öryggi þeirra sem starfa á vinnustöðum þar sem vinnuvélar eru notaðar, sem og almennings sem getur átt leið um eða í námunda við vinnusvæði þar sem vinnuvélar eru notaðar.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

a. Vinnuvél:

- i. aflvél sem er vél, eða hluti vélar, sem breytir einu orkuformi í annað;
- ii. farandvél sem er tæki sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél;
- iii. vinnuvél sem er tæki sem knúið er af aflvél og unnt er að vinna með nánar tiltekin störf;
- iv. farandvinnuvél sem er tæki sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél;
- v. búvél sem er hvers konar vél skv. i.–iv. liðum sem notuð er við bústörf.

b. Réttindaflokkur vinnuvéla: Hópur sambærilegra gerða vinnuvéla þar sem sams konar hæfnikröfur eru gerðar til þess sem stjórnar þeim.

II. KAFLI Vinnuvélaréttindi.

4. gr.

Fullgild réttindi til að stjórna vinnuvél.

Enginn má stjórna vinnuvél án þess að hafa til þess fullgild réttindi til að stjórna þeirri gerð vinnuvélar, sbr. a-lið 3. gr. reglugerðar þessarar, sbr. einnig 1.–5. mgr. 45. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Réttindi eru afmörkuð við ákveðna réttindaflokka vinnuvéla skv. 5. gr. og er óheimilt að stjórna öðrum gerðum vinnuvéla en þeim sem falla undir þá réttindaflokka sem réttindin eru afmörkuð við. Réttindi eiga við um alla þá sem stjórna vinnuvélum óháð því hvar þeim er stjórnað.

Til þess að öðlast fullgild réttindi til að stjórna vinnuvél í tilteknum réttindaflokki skv. 5. gr. þarf að sækja námskeið skv. 7. og 8. gr., standast próf til öflunar bóklegra réttinda skv. 9. gr., í þeim réttindaflokki vinnuvéla sem réttindum er ætlað að ná til, ljúka verklegri þjálfun skv. 11. gr., á þeirri gerð vinnuvélar eða vinnuvéla í þeim réttindaflokki, og standast verklegt próf skv. 13. gr. á sömu gerð vinnuvélar eða vinnuvéla í hlutaðeigandi réttindaflokki.

Vinnuvélaskírteini eru gefin út til staðfestingar fullgildum réttindum til að stjórna vinnuvél skv. 1. mgr. í tilteknum réttindaflokki og er þar tilgreind afmörkun réttindanna.

Þeir einir sem hafa fengið útgefin vinnuvélaskírteini skv. 16. gr. eða hlotið viðurkenningu á erlendum réttindum skv. V. kafla teljast hafa fullgild réttindi hér á landi til að stjórna vinnuvélum í þeim réttindaflokkum vinnuvéla skv. 5. gr. sem skírteinið tilgreinir, sbr. 6. mgr. 45. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

5. gr.

Réttindaflokkar vinnuvéla.

Réttindaflokkar vinnuvéla eru tilgreindir í vinnuvélaskírteini, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 16. gr. Samsvörun er á milli bókstafs fyrir réttindaflokk tiltekinna gerða vinnuvéla í vinnuvélaskírteini og fyrri bókstafs í skráningarnúmeri vinnuvélar. Þeir eru eftirfarandi:

Réttindaflokkur A. Staðbundnir kranar og byggingakranar.

- 1) Byggingakranar sem eru staðbundnir eða ganga á braut, beltum eða hjólum og aðrir sambærilegir kranar.
- 2) Hafnarkranar sem eru staðbundnir, ganga á braut, beltum eða hjólum og eru aðallega ætlaðir til notkunar á hafnarsvæðum ásamt öðrum sambærilegum krönum sem notaðir eru annars staðar en á hafnarsvæðum, t.d. í iðnaði, þar sem lyftigeta er 18 tonnmetrar eða meiri.

Réttindaflokkur B-1. Farandkranar á beltum eða hjólum með lyftigetu sem er 18 tonnmetrar eða meiri.

Farandkranar á beltum eða hjólum, sem geta hreyft sig úr stað með eigin vélarafli og gerðir eru fyrir akstur, þar sem lyftigeta er 18 tonnmetrar eða meiri.

Réttindaflokkur B-2. Hleðslukranar á ökutækjum með lyftigetu sem er 8 tonnmetrar eða meiri.

- 1) Hleðslukranar sem staðsettir eru á ökutækjum með lyftigetu sem er 8 tonnmetrar eða meiri.
- 2) Gámalyftur með lyftigetu sem er 5 tonn eða meiri.

Réttindaflokkur C-1. Brúkranar.

Brúkranar og hlaupakettir, þar sem lyftigeta er 5 tonn eða meiri.

Réttindaflokkur D-1. Farandkranar á beltum eða hjólum með lyftigetu sem er minni en 18 tonnmetrar.

- 1) Farandkranar á beltum eða hjólum með lyftigetu sem er frá 1 tonnmetra og allt að 18 tonnmetrum.
- 2) Steypudælukranar.

Réttindaflokkur D-2. Körfukranar með lyftigetu 150 kg eða meiri.

Körfukranar og körfulyftur með lyftigetu 150 kg eða meiri og gerðar til að lyfta fólki í körfu þar sem karfan getur farið út fyrir undirstöðuföt lyftunnar.

Réttindaflokkur E. Gröfur sem vega 4 tonn eða meira.

Gröfur á beltum eða hjólum, hvort sem þær eru gerðar fyrir akstur í umferð eða ekki, sem vega 4 tonn eða meira að eigin þyngd.

Réttindaflokkur F. Hjólaskóflur.

Mokstursskóflur á beltum eða hjólum, aðallega ætlaðar til að moka af sama fleti og þær aka á, sem vega 4 tonn eða meira að eigin þyngd.

Réttindaflokkur G. Jarðýtur.

- 1) Vinnuvélar á spyrubeltum, aðallega ætlaðar til að flytja til og slétta jarðveg en einnig til dráttar, sem vega 4 tonn eða meira að eigin þyngd.
- 2) Borvagnar á beltum eða hjólum með stjórnhúsi, aðallega ætlaðir til að bora holur fyrir sprengiefni, sem vega 4 tonn eða meira að eigin þyngd.

Réttindaflokkur H. Vegheflar.

Vinnuvélar á hjólum, aðallega ætlaðar til að slétta yfirborð vega og jarðvegs, sem vega 4 tonn eða meira að eigin þyngd.

Réttindaflokkur I-1. Ýmsar gerðir vinnuvéla.

- 1) Dráttarvélar með beintengdum tækjabúnaði eða vökvaknúnum búnaði, s.s. loftpressum og skóflum.
- 2) Minni gerðir jarðvinnuvéla og liðléttinga sem vega minna en 4 tonn að eigin þyngd.
- 3) Sópar, plógar, sláttuvélar og snjóblásarar sem gerðir eru til aksturs.
- 4) Efnisdælur, blöndunarvélar o.fl., þar sem burðargeta er 5 tonn eða meiri.
- 5) Snjótroðarar, t.d. notaðir á skíðasvæðum.

Réttindaflokkur I-2. Dráttartæki og vinnuvélar í iðnaði.

- 1) Minni gerðir dráttartækja, sem notaðar eru til að draga vagna eða ýta þeim, t.d. á flugvöllum og í iðjuverum og vega minna en 4 tonn að eigin þyngd.
- 2) Dráttartöggar, sem eru sérbúnar vinnuvélar til að draga t.d. flugvélar eða ýta þeim.
- 3) Sérbúnar vinnuvélar í iðjuverum.

Réttindaflokkur J. Lyftarar og lyftitæki með lyftigetu sem er frá 1 tonni og allt að 10 tonnum.

- 1) Lyftarar með gaffla eða annan búnað framan á lyftigálfa með lyftigetunni sem er frá 1 tonni og allt að 10 tonnum.
- 2) Skotbómulyftari, með lyftigetunni sem er frá 1 tonni og allt að 10 tonnum miðað við uppgefna hlassmiðju.
- 3) Lyftitæki og hleðslubúnaður á flugvöllum.
- 4) Lyfti- og flutningstæki, aðallega notuð í vöruhúsum, ef lyftigeta er 1.000 kg eða meiri og lyftihæð er 2.500 mm eða meiri.

Réttindaflokkur K. Lyftarar með lyftigetunni sem er 10 tonn eða meiri.

Lyftarar með mastri eða skotbómu með lyftigetunni sem er 10 tonn eða meiri.

Réttindaflokkur L. Valtarar.

Valtari sem gerður er til að þjappa og slétta jarðveg eða bundið slitlag við útlagningu þess.

Réttindaflokkur M. Malbikunarvélar.

- 1) Útlagningarvélar fyrir bundið slitlag og kantsteypu.
- 2) Fræsarar fyrir bundið slitlag.
- 3) Fræsi- og blöndunarvélar sem leggja bundið slitlag.

III. KAFLI

Námskeið, verkleg þjálfun og próf.

6. gr.

Námskeið.

Skilyrði fyrir þátttöku á námskeiðum til öflunar réttinda til að stjórna vinnuvélum er að hlutaðeigandi einstaklingur sé fullra 16 ára þegar námskeið hefst.

Námskeið til öflunar vinnuvélaréttinda skulu vera tvíþætt:

- a. Vinnuverndarnámskeið, sbr. 7. gr., sem haldið er á vegum Vinnueftirlits ríkisins.
- b. Vinnuvélanámskeið, sbr. 8. gr., sem haldið er á vegum einkaaðila og Vinnueftirlitið hefur staðfest.

Vinnueftirlit ríkisins skal gefa út námskrá vegna vinnuverndarnámskeiðs og vinnuvélanámskeiðs þar sem meðal annars kemur fram markmið námskeiðanna, skipting þeirra í námsþætti, kennsluefni og fjölda kennslustunda í hverjum þætti. Vinnueftirlitið skal einnig gefa út próflýsingu fyrir próf til öflunar bóklegra réttinda, sbr. 9. gr. og verkleg próf, sbr. 12. gr.

Sá sem óskar eftir að halda vinnuvélanámskeið skal senda upplýsingar um ábyrgðamann námskeiðsins ásamt lýsingu á fyrirhuguðu námskeiði og námsgögnum til Vinnueftirlitsins sem fer yfir gögnin og staðfestir hvort þau séu í samræmi við námskrá. Ábyrgðamaður og kennarar á námskeiðinu skulu hafa viðurkenningu sem leiðbeinendur skv. 12. gr. eða hafa menntun sem nýtist í starfi. Óheimilt er að halda vinnuvélanámskeið skv. 8. gr. sem ekki hafa fengið staðfestingu hjá Vinnueftirlitinu.

Vinnueftirlitinu er heimilt að halda vinnuvélanámskeið skv. 8. gr. þegar framboð á slíku námskeiði er ekki fyrir hendi hjá öðrum, t.d. á erlendu tungumáli eða annars konar námskeið sem eftirspurn er eftir. Enn fremur er Vinnueftirlitinu heimilt að gera sérstaka samstarfssamninga við stofnanir innan íslenska menntakerfisins um kennslu vinnuvélanámskeiða samræmi við námskrá Vinnueftirlitsins þegar slíkar stofnanir óska eftir því og telst þá vinnuvélanámskeið þá hluti viðkomandi náms. Á þetta við um nám þar sem líkur eru á að gerðar séu kröfur um vinnuvélaréttindi í þeim störfum sem

viðkomandi nemendur koma til með að sinna að námi loknu, s.s. nám í jarðvirkjun, garðyrkju og búfræði.

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með að vinnuvélanámskeið skv. 8. gr. séu haldin í samræmi við gildandi námskrá skv. 3. mgr. Ábyrgðarmenn námskeiða skulu afhenda stofnuninni öll þau gögn sem nauðsynleg eru vegna eftirlitsins ásamt því að veita Vinnueftirlitinu aðgang að námskeiðunum, stofnuninni að kostnaðarlausu.

Verkefnisráð vinnuvélanámskeiða er skipað fulltrúum frá Vinnueftirliti ríkisins, Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Umsóknum frá nýjum aðilum sem hyggjast bjóða upp á vinnuvélanámskeið skv. 8. gr. eru kynntar fyrir verkefnisráði áður en þær eru samþykktar. Námskrár og prófalýsingar skv. 6. gr. og viðmið um hæfni skv. 11. gr. skulu jafnframt kynnt fyrir verkefnisráðinu. Fullnægi námskeið skv. 8. gr. ekki kröfum námskrár eða ákvæðum reglugerðar þessarar skal Vinnueftirlitið krefjast viðeigandi úrbóta en að öðrum kosti afturkalla fyrri staðfestingu. Málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, gilda um afturköllun á fyrri staðfestingu vinnuvélanámskeiða.

7. gr.

Vinnuverndarnámskeið.

Vinnuverndarnámskeið til öflunar vinnuvélaréttinda er námskeið sem hefur það markmið að efla öryggisvitund þeirra sem koma til með að stjórna vinnuvélum á vinnustöðum þannig að öryggi og heilsu þeirra sem þar starfa séu betur tryggð sem og almennings sem getur átt leið um eða í námunda við vinnusvæðið.

Námskrá skv. 3. mgr. 6. gr. skal taka almennt til vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, þar á meðal öryggismála á vinnustöðum, bæði líkamlegra og félagslegra áhættuþátta og þeirra er tengjast sérstaklega notkun vinnuvéla. Einnig skal farið yfir forvarnir á vinnustöðum, slysavarnir og frágang á vinnustöðum að vinnudegi loknum og við lok einstakra verkþátta.

Nemandi sem hyggst taka verklegt próf í öðrum réttindaflokki vinnuvéla skv. 5. gr. en þeim sem hann hefur þegar réttindi til að stjórna þarf ekki að sitja vinnuverndarnámskeið skv. 7. gr. aftur þegar skemmri tími en sjö ár eru liðin frá því að viðkomandi tók próf til bóklegra réttinda skv. 9. gr. og verklegt próf á einhverja gerð vélar skv. 13. gr.

8. gr.

Vinnuvélanámskeið.

Vinnuvélanámskeið skal haldið í samræmi við námskrá skv. 3. mgr. 6. gr. um þá réttindaflokka vinnuvéla sem hverju námskeiði er ætlað að ná til. Heimilt er að halda námskeið sem er ætlað öllum réttindaflokkum vinnuvéla skv. 5. gr. eða halda eftirfarandi sérnámskeið:

- a. Lyftaranámskeið (J og K)
- b. Skóflu- og gröfunámskeið (E, F og I-1)
- c. Jarðvinnuvélanámskeið (E, F, G, H, I-1, I-2, L og M)
- d. Krananámskeið (A, B-1, B-2, C-1, D-1 og D-2)
- e. Byggingakranar og brúkranar (A og C-1)
- f. Iðnaðarnámskeið (C-1, D-2, I-2 og J)
- g. Blandað námskeið – lítið (D-2, I-1, J og L)
- h. Blandað námskeið – stórt (B-2, C-1, D-1, D-2, I-1, I-2, J og K)

9. gr.

Próf til öflunar bóklegra réttinda.

Vinnueftirlit ríkisins skal annast framkvæmd prófa til öflunar bóklegra réttinda úr námsefni námskeiða skv. 7. og 8. gr. reglugerðar þessarar. Prófin skulu haldin mánaðarlega eða oftar þegar þurfa þykir.

Þegar nemandi hefur sannanlega sótt námskeið skal hann sækja með rafrænum hætti um próftöku til öflunar bóklegra réttinda hjá Vinnueftirlitinu. Þar skal meðal annars koma fram í hvaða réttindaflokki vinnuvéla skv. 5. gr. óskað er eftir að prófið taki til.

Með umsókn skal fylgja:

1. Staðfesting Vinnueftirlitsins annars vegar og viðkomandi námskeiðshaldara hins vegar um að umsækjandi hafi sannanlega sótt námskeið skv. 7. og 8. gr. Einnig skal koma fram til hvaða réttindaflokka vinnuvéla vinnuvélanámskeiðið tók til.
2. Greiðsla próftökugjalds skv. 23. gr.

Sá sem sækir um að taka próf til öflunar bóklegra réttinda í öðrum réttindaflokki vinnuvéla en þeim sem hann hefur þegar réttindi til að stjórna og hefur lokið viðeigandi vinnuvélanámskeiði getur óskað eftir að fyrra próf hans til öflunar bóklegra réttinda gildi að því er varðar vinnuverndarnámskeið skv. 7. gr. þegar skemmri tími en sjö ár eru liðin frá því að viðkomandi tók próf til bóklegra réttinda skv. 9. gr. vegna þess hluta og verklegt próf á einhverja gerð vélar skv. 13. gr.

Þegar fullnægjandi gögn hafa borist Vinnueftirlitinu boðar Vinnueftirlitið umsækjanda í próf til öflunar bóklegra réttinda. Próf og réttindi sem próftaki aflar sér afmarkast við þá réttindaflokka sem vinnuvélanámskeið skv. 8. gr. náði til.

Sá sem hefur svarað 80% af prófspurningum réttum telst hafa staðist próf með fullnægjandi árangri.

10. gr.

Fyrning prófs til öflunar bóklegra réttinda.

Próf til öflunar bóklegra réttinda skv. 9. gr. fellur úr gildi líði fimm ár frá próftöku án þess að próftaki hafi sótt um að þreyta verklegt próf skv. 13. gr. Þarf próftaki þá að sækja námskeið skv. 7. og 8. gr. áður en hann getur tekið aftur próf til öflunar bóklegra réttinda, sbr. þó. 4. mgr. 9. gr.

11. gr.

Verkleg þjálfun.

Sá sem lokið hefur prófi til öflunar bóklegra réttinda með fullnægjandi árangri, sbr. 9. gr., er heimilt að hefja verklega þjálfun undir leiðsögn leiðbeinanda, sbr. 12. gr., á þeirri gerð vinnuvélar eða vinnuvéla í þeim réttindaflokki vinnuvéla skv. 5. gr. sem réttindunum til að stjórna vinnuvél er ætlað að ná til, sbr. einnig 9. gr. Þó er heimilt að hefja verklega þjálfun áður en hlutaðeigandi hefur lokið prófi til öflunar bóklegra réttinda þegar verkleg þjálfun fer jafnframt fram á vinnuvélanámskeiði skv. 8. gr.

Óheimilt er að veita verklega þjálfun á svæði þar sem margt fólk er að störfum eða þar sem slyshætta getur stafað af þjálfuninni, svo sem í almennri umferð. Leiðbeinandi skal ávallt vera til staðar þegar nemandi er við verklega þjálfun, þannig að hann geti leiðbeint nemandanum og gripið inn í stjórn vinnuvélar þegar þörf krefur.

Verkleg þjálfun skal tryggja að sá sem hlýtur þjálfun nái hæfni á þá gerð vinnuvélar eða vinnuvéla í þeim réttindaflokki vinnuvéla sem réttindin til að stjórna vinnuvél er ætlað að ná til. Viðmið um hæfni eru gefin út af Vinnueftirlitinu fyrir hvern réttindaflokk vinnuvéla skv. 5. gr. Verkleg þjálfun getur farið fram á vinnuvélar í fleiri en einum réttindaflokki á sama tíma.

Leiðbeinandi skv. 12. gr. ber ábyrgð á verklegri þjálfun og skal hann veita skriflegt vottorð um að verkleg þjálfun hafi farið fram undir leiðsögn hans og að nemandi uppfylli viðmið um hæfni til að stjórna þeirri gerð vinnuvélar eða vinnuvéla í þeim réttindaflokki/-flokki sem hann tilgreinir. Í vottorði skal koma fram hvar og hvenær verklega þjálfunin átti sér stað og skráningarnúmer vinnuvélar sem notuð var við þjálfunina.

12. gr.

Viðurkenndur leiðbeinandi við verklega þjálfun

Sá sem vill leiðbeina við verklega þjálfun skv. 11. gr. skal óska eftir viðurkenningu frá Vinnueftirliti ríkisins. Skilyrði er að umsækjandi hafi haft fullgild réttindi til að stjórna þeirri gerð vinnuvélar eða vinnuvéla í þeim réttindaflokki sem þjálfunin á að taka til í að lágmarki eitt ár og hafi starfað við slíkar vinnuvélar í jafnlangan tíma sem launamaður skv. vinnuveitandavottorði, í eigin fyrirtæki eða sem sjálfstætt starfandi einstaklingur skv. staðgreiðsluskrá. Umsókn skal berast Vinnueftirliti ríkisins sem viðurkennir leiðbeinanda að uppfylltum skilyrðum og gefur út skírteini því til staðfestingar.

Vinnueftirlit ríkisins getur afturkallað viðurkenninguna verði leiðbeinandi uppvís að vítaverðu gáleysi við verklega þjálfun. Málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, gilda um afturköllun viðurkenningar.

13. gr.

Verklegt próf.

Vinnueftirlit ríkisins annast framkvæmd verklegra prófa.

Þegar nemandi hefur lokið prófi til öflunar bóklegra réttinda skv. 9. gr. og verklegri þjálfun skv. 11. gr. skal hann sækja rafrænt um verklega próftöku hjá Vinnueftirlitinu. Þar skal meðal annars koma fram í hvaða réttindaflokki vinnuvéla skv. 5. gr. óskað er eftir að prófið taki til.

Umsókn skal fylgja:

1. Staðfesting á fullnægjandi árangri á prófi til öflunar bóklegra réttinda í þeim réttindaflokki eða réttindaflokkum vinnuvéla sem verklega prófið skal ná til.
2. Vottorð leiðbeinanda um að verklegri þjálfun skv. 11. gr. sé lokið á gerð vinnuvélar eða vinnuvéla í þeim réttindaflokki vinnuvéla sem verklega prófið skal ná til.
3. Læknisvottorð, skv. 14. gr.
4. Ökuskírteinisnúmer.
5. Greiðsla próftökugjalds skv. 23. gr.

Þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir boðar Vinnueftirlitið umsækjanda í verklegt próf þar sem hæfni umsækjanda á vinnuvél í þeim réttindaflokki vinnuvéla skv. 5. gr. sem óskað er eftir að réttindin nái til, er prófuð ásamt nauðsynlegri þekkingu á vinnuvélinni og meðferð hennar.

14. gr.

Heilbrigði umsækjanda.

Sá sem sækir um að taka verklegt próf skv. 13. gr. eða endurnýjum skírteinis skv. 3. mgr. 16. gr. á réttindaflokka vinnuvéla A, B-1, B-2, C-1, D-1 og D-2 skal framvísa læknisvottorði sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Sjónskerpu sem nemur a.m.k. 0,8 á öðru auga þegar bæði augu eru mæld samtímis, eftir atvikum með sjónglerjum, og a.m.k. 0,5 á hinu.

2. Óskert sjónsvið.
3. Eðlilega heyrn.
4. Limaburður sem er eðlilegur og óhindraður.
5. Hefur ekki sjúkdóm, tekur lyf eða önnur efni sem trufla dómgreind, viðbragðshraða eða hreyfigetu eða getur valdið skyndilegum meðvitundarmissi. Sá sem sækir um endurnýjun skírteinis skv. 2. mgr. 16. gr. á réttindaflokka E, F, G, H, I-1, I-2, J, K, L eða M skv. 5. gr. skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
 1. Sjónskerpu sem nemur a.m.k. 0,5 þegar bæði augu eru mæld samtímis, eftir atvikum með sjónglerjum. Ef hann er blindur á öðru auga þarf sjónskerpan að vera 0,6 eftir atvikum með sjónglerjum.
 2. Lárétt sjónsvið sem er meira en 120 gráður.
 3. Limaburður sem er eðlilegur og óhindraður.
 Hefur ekki sjúkdóm, tekur lyf eða önnur efni sem trufla dómgreind eða getur valdið skyndilegum meðvitundarmissi. Læknisvottorð samkvæmt reglugerð þessari telst gilt sé því framvísað innan þriggja mánaða frá útgáfudagsetningu þess.

IV. KAFLI

Útgáfa vinnuvélaskírteinis.

15. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu vinnuvélaskírteinis.

Einungis er heimilt að veita þeim skírteini sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Er fullra 17 ára. Þeir sem hafa ekki náð 18 ára aldri við útgáfu vinnuvélaskírteinis þurfa skriflegt samþykki forsjáradila um að mega sækja um vinnuvélaskírteini.
2. Hefur staðist verklegt próf skv. 13. gr. á viðkomandi vinnuvél í þeim réttindaflokki vinnuvéla sem réttindunum er ætlað að ná til innan tólf mánaða frá próftöku.
3. Hefur gilt ökuskírteini hér á landi.

16. gr.

Útgáfa vinnuvélaskírteinis.

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 15. gr. skal Vinnueftirlit ríkisins gefa út vinnuvélaskírteini því til staðfestingar. Í skírteini skal koma fram:

1. Númer þess.
2. Nafn og kennitala rétthafa.
3. Útgáfustaður og fyrsti útgáfudagur skírteinis.
4. Gildistími þeirra fullgildu réttinda til að stjórna vinnuvél sem skírteinið staðfestir.
5. Réttindaflokkar vinnuvéla skv. 5. gr. sem réttindin ná til.

Gildistími vinnuvélaskírteina í réttindaflokkum vinnuvéla E, F, G, H, I-1, I-2, J, K, L eða M er til 70 ára aldurs. Eftir 70 ára aldur er heimilt að endurnýja skírteinið í þrjú ár og eftir það í eitt ár í senn. Með umsókn um endurnýjun skal fylgja læknisvottorð sem vottar að viðkomandi fullnægi skilyrðum 14. gr. um heilbrigði.

Skírteini sem gefið er út til staðfestingar á fullgildum réttindum til að stjórna vinnuvél í réttindaflokki vinnuvéla A, B-1, B-2, C-1, D-1 eða D-2 gildir í tíu ár frá útgáfudegi. Með umsókn um endurnýjun skal fylgja læknisvottorð sem vottar að viðkomandi fullnægi skilyrðum 14. gr. um heilbrigði.

Ef réttindahafi öðlast réttindi í A-flokki skal hann einnig fá útgefin réttindi í C-1-flokki. Ef réttindahafi öðlast réttindi í B-1-flokki skal hann einnig fá útgefin réttindi í D-1-flokk. Ef réttindahafi öðlast réttindi í B-2-flokki skal hann þá einnig frá útgefin

réttindi í D-2-flokki. Ef réttindahafi öðlast réttindi í E-flokki skal hann einnig fá útgefin réttindi í I-1-flokki. Ef réttindahafi öðlast réttindi í F-flokki skal hann einnig fá útgefin réttindi í I-1-flokki. Ef réttindahafi öðlast réttindi í K-flokki skal hann einnig fá útgefin réttindi í J-flokki.

Handhafa vinnuvélaskírteinis er óheimilt að stjórna vinnuvélum í öðrum réttindaflokkum vinnuvéla en þeim sem tilgreindir eru í skírteini.

Láti handhafi vinnuvélaskírteinis hjá líða að endurnýja réttindaflokka í vinnuvélaskírteini innan tveggja ára frá því að gildistíma þess lýkur skv. 2. og 3. mgr. þarf handhafi skírteinis að taka verklegt próf skv. 13. gr. aftur.

V. KAFLI

Viðurkenning á erlendum vinnuvélaréttindum.

17. gr.

Viðurkenning vinnuvélaréttinda innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Vinnueftirlit ríkisins metur hvort vinnuvélaréttindi sem veitt hafa verið í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið geti talist sambærileg réttindum sem veitt eru samkvæmt reglugerð þessari, sbr. lög nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, og þær reglugerðir sem settar eru með stoð í þeim.

Við matið skal lítið til þess hvort að það nám og þjálfun sem liggja að baki erlendu réttindunum séu sambærileg þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari. Enn fremur þarf að líta til þess hvort kröfur um heilbrigði réttindahafans séu sambærileg reglugerð þessari.

Þegar vafi leikur á um hvort að nám og þjálfun, sem liggja að baki erlendum réttindum, séu sambærileg þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt reglugerð þessari er Vinnueftirlitinu heimilt að skylda umsækjanda til að undirgangast á eigin kostnað verklegt próf til að sýna fram á fullnægjandi hæfni umsækjanda á vinnuvél í þeim réttindaflokki vinnuvéla sem óskað er eftir að réttindin nái til, ásamt nauðsynlegri þekkingu á vinnuvélinni og meðferð hennar.

Þegar vafi leikur á hvort að skilyrði um heilbrigði samrýmist kröfum skv. 14. gr. reglugerðar þessarar, en önnur skilyrði eru talin uppfyllt, skal umsækjandi leggja fram læknisvottorð skv. 14. gr. Þegar sótt er um viðurkenningu á erlendum vinnuvélaréttindum í réttindaflokkum vinnuvéla A, B-1, B-2, C-1, D-1 eða D-2 skv. 5. gr. skal umsækjandi framvísa fullnægja skilyrðum um heilbrigði sem sett eru í 1. mgr. 14. gr. og skila læknisvottorði þess efnis.

Að öðru leyti skal fara að lögum nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, ásamt reglugerðum settar á grundvelli þeirra.

18. gr.

Umsókn um viðurkenningu vinnuvélaréttinda innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ríkisborgari annars ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins er hyggst stjórna vinnuvél hér á landi sem krafist er fullgildra réttinda til að stjórna samkvæmt 6. mgr. 45. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, og reglugerð þessari, skal sækja rafrænt um viðurkenningu á vinnuvélaréttindum sínum til Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur störf. Skilyrði er að vinnuvélaréttindin hafi verið veitt í öðru aðildarríki að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Með umsókn skulu eftirtalin gögn fylgja:

1. Afrit af ökuskírteini umsækjanda sem er gilt hér á landi.
2. Afrit af erlendu vinnuvélaskírteini umsækjanda.

3. Gögn sem sýna fjölda tíma í bóklegri og verklegri kennslu vegna erlendu vinnuvélaréttindanna.
4. Greiðsla fyrir viðurkenningu réttinda skv. 23. gr.
5. Læknisvottorði þegar þess er krafist.

Öllum gögnum sem ekki eru á dönsku, ensku, norsku eða sænsku skal fylgja íslensk þýðing frá löggiltum skjalapýðanda.

19. gr.

Útgáfa vinnuvélastírteinis til staðfestingar á viðurkenningu erlendra vinnuvélaréttinda.

Þegar ríkisborgari annars aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið uppfyllir skilyrði 17. og 18. gr. að mati Vinnueftirlitsins skal stofnunin gefa út vinnuvélastírteini því til staðfestingar.

Í skírteini skal koma fram:

1. Númer þess.
2. Nafn og kennitala réttihafa.
3. Útgáfustaður og fyrsti útgáfudagur hins erlenda skírteinis.
4. Útgáfustaður hér landi og dagsetning viðurkenningar.
5. Gildistími þeirra fullgildu réttinda til að stjórna vinnuvél sem skírteinið staðfestir hér á landi.
6. Númer ökuskírteinis sem er gilt hér á landi.
7. Réttindaflokkar vinnuvéla skv. 5. gr. sem réttindin ná til hér á landi.

Um gildistíma réttinda samkvæmt ákvæði þessu fer eftir þeim gildistíma sem erlendu vinnuvélaréttindin bera með sér. Hin erlendu vinnuvélaréttindi skulu þó ekki gilda lengur en sambærileg íslensk vinnuvélaréttindi samkvæmt reglugerð þessari. Um gildistíma og endurnýjun viðurkenndra erlendra vinnuvélaréttinda fer að öðru leyti eftir 2. og 3. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar.

Handhafa vinnuvélastírteinis er óheimilt að stjórna vinnuvélum í öðrum réttindaflokkum vinnuvéla en þeim sem tilgreindir eru í skírteini.

20. gr.

Synjun á viðurkenningu erlendra vinnuvélaréttinda.

Þegar ríkisborgari annars aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið uppfyllir ekki skilyrði 17. og 18. gr. að mati Vinnueftirlitsins skal stofnunin synja um viðurkenningu hinna erlendu vinnuvélaréttinda. Viðkomanda er þá óheimilt að stjórna vinnuvélum hér á landi sem krafist er fullgildra réttinda til að stjórna skv. 6. mgr. 45. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð þessarar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Eftirlit.

Vinnueftirlit ríkisins og lögreglan hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

Stjórnandi vinnuvélar skal hafa gilt vinnuvélastírteini tiltækt og framvísa því óski lögreglan eða starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins þess.

22. gr.

Öryggisreglur.

Stjórnandi vinnuvélar skal vera líkamlega og andlega fær um að stjórna viðkomandi vinnuvél.

Enginn má stjórna eða reyna að stjórna vinnuvél ef hann er undir áhrifum áfengis skv. 49. gr. umferðalaga nr. 77/2019. Enn fremur má enginn stjórna eða reyna að stjórna vinnuvél ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum settum samkvæmt þeim eða ef hann telst óhæfur til að stjórna ökutæki vegna neyslu lyfja, sbr. 50. gr. umferðalaga. Að öðru leyti gildir IX. kafli umferðalaga um bann við akstri undir áhrifum áfengis, ávana- og fíkniefna o.fl.

23. gr.

Gjaldtaka.

Gjöld fyrir þátttöku á námskeiðum á vegum Vinnueftirlits ríkisins, próf til öflunar bóklegra réttinda, verklegt próf, útgáfu skírteina skv. 12., 16. og 19. gr. og viðurkenningar á erlendum vinnuvélaréttindi skulu ákveðin með gjaldskrá ráðherra, sbr. 4. mgr. 74. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Greiða skal gjald skv. 1. mgr. um leið og skráð er á námskeið skv. 7. gr. og í próf til öflunar bóklegra réttinda skv. 9. gr. Hið sama gildi þegar sótt er um verklegt próf skv. 13. gr. og 3. mgr. 17. gr., útgáfu vinnuvélaskeiðis skv. 16. og 19. gr., og útgáfu skírteinis sem viðurkenndur leiðbeinandi skv. 12. gr.

Ráðherra ákveður hæfilegt umsýslugjald sem þeim er halda námskeið samkvæmt 8. gr. greiða til Vinnueftirlits ríkisins fyrir umsýslu þess og eftirlit. Skal umsýslugjaldið miðast við árlegan fjölda nemenda.

Vinnueftirlitinu er heimilt að semja um endurgjald fyrir kennslu sem er hluti náms innan einstakra menntastofnana íslenska skólakerfisins samkvæmt námskrá sem ætlað er til kennslu á vinnuverndarnámskeiðum og vinnuvélanámskeiðum í samstarfssamningum við viðkomandi menntastofnanir, sbr. 5. mgr. 6. gr.

24. gr.

Afturköllun vinnuvélaréttinda

Ef handhafi vinnuvélaréttinda samkvæmt reglugerð þessari verður uppvís að vítaverðu gáleysi við stjórnun vinnuvélar eða hann uppfyllir ekki lengur skilyrði þessarar reglugerðar, svo sem vegna sviptingar ökuréttinda, getur Vinnueftirlit ríkisins afturkallað vinnuvélaréttindi hans.

Um afturköllun vinnuvélaréttinda gilda málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum.

25. gr.

Viðurlög.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt 99. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

26. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvarðanir Vinnueftirlits ríkisins sem teknar eru á grundvelli reglugerðar þessarar til félagsmálaráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina, sbr. 98. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

VII. KAFLI**Gildistaka.**

27. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 38. gr., 40. gr., 3. mgr. 49. gr. og 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og að höfðu samráði við dómsmálaráðuneytið, sbr. 89. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Enn fremur er reglugerð þessi sett með heimild í 3., 8. og 9. gr. laga nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi að höfðu samráði við menntamálaráðuneyti.

28. gr.

Reglugerð þessi skal öðlast gildi þann xx.

Við gildistöku reglugerðar þessarar falla úr gildi reglur nr. 198/1983, um réttindi til að stjórna vinnuvélum ásamt reglum nr. 300/1995, nr. 24/1999, nr. 816/2000, nr. 883/2002, um breytingu á reglum nr. 198/1983, um réttindi til að stjórna vinnuvélum og 8. gr. og gr. 48.1 reglugerðar nr. 153/1986, um dráttavélar og hlífðarbúnað við aflflutninga frá þeim.

Ákvæði til bráðabirgða.

Reglugerð þessi hefur engin áhrif á réttindi þeirra, er við gildistöku hennar hafa notið fullgildra réttinda til stjórnunar vinnuvéla í tilteknum réttindaflokkum vinnuvéla skv. eldri reglum.

Þeir sem við gildistöku reglugerðar þessarar hafa lokið prófi á námskeiðum sem haldin voru samkvæmt eldri reglum um meðferð og stjórnun vinnuvéla, en eigi lokið verklegri þjálfun eða verklegu prófi hafa rétt til að sækja verklega þjálfun og gangast undir verkleg próf samkvæmt reglugerð þessari án frekari námskeiðssetu, innan þriggja ára frá gildistöku reglugerðar þessarar. Að loknu verklegu prófi eiga þeir rétt á að fá útgefið vinnuvélaskírteini samkvæmt reglugerð þessari enda fullnægi umsækjandi öðrum skilyrðum reglugerðarinnar um útgáfu vinnuvélaskírteinis.

Þeir sem fyrir gildistöku reglugerðar þessarar hafa fengið útgefið vinnuvélaskírteini skulu halda þeim réttindum út þann gildistíma sem kemur fram á skírteini viðkomandi. Þeir sem hafa gild réttindi í flokki P teljast hafa réttindi í flokki B-2. Um endurnýjun réttinda, eftir gildistöku reglugerðarinnar, gildir 16. gr. reglugerðar þessarar.

Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 2021